

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
55. fundur.

Miðvikudaginn 13. ágúst 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum, kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Tilboð í fráveitur.
2. Skipulagning skólaaksturs.
3. Málefni leikskóla.
4. Fjárhagsáætlanir fjallskilaneftnda.
5. Bréf.
 - a) Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.
 - b) Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 29.07.
 - c) Umsókn um ristahlið.
 - d) Erindi Tónlistarskóla Akureyrar, dags 31.07.
 - e) Tölvupóstur frá Ólafi Björnssyni hl. 06.08.
 - f) Styrkbeiðni vegna einkaflugmannsnáms.
6. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.10

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins:

Verkfundargerð vegna lokaúttektar á leikskóla dags. 7. ágúst 2008 og fundargerð fræðslunefndar dags. 12. ágúst 2008 eru teknar til umræðu undir dagskrárlíð 3.

Fundargerðir fjallskilaneftnda Auðkúluheiðar dags. 11 og 12. ágúst 2008 eru teknar til umræðu undir dagskrárlíð 4.

Erindi frá skotfélaginu Markviss dags. 26. júlí 2008 er tekið fyrir undir dagskrárlíð 5. g)

Erindi dags. 8. ágúst 2008 varðandi námsvist utan sveitarfélags er tekið fyrir undir dagskrárlíð 5. h)

Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags 28. júlí er tekið fyrir undir dagskrárlíð 5. i)

Matslýsing vegna aðalskipulags er tekin fyrir undir dagskrárlíðnum önnur mál.

1. Tilboð í fráveitur.

Finnur Björnsson sat fundinn undir þessum líð. Fyrir fundinum liggur fundargerð vegna opunar tilboða í jarðvinnu og siturbeð vegna rotþróa dags. 31. júlí 2008.

Tilboð barst frá Steingrími Ingvarssyni. Heildarfjárhæð tilboðs kr. 5.287.100.- Eða 98.7% af kostnaðaráætlun.

Hreppsnefnd samþykkti að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar í hreppsnefnd. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

2. Skipulagning skólaaksturs.

Þorleifur Ingvarsson sat fundinn undir þessum líð. Þorleifur kynnti drög að skipulagi skólaakstur við Húnavallaskóla skólaárið 2008-2009.

Hreppsnefnd samþykkti með fimm atkvæðum fyrirbyggjandi skipulagningu skólaaksturs. Tveir sátu hjá.

3. Málefni leikskóla.

Farin var vettvangsferð í leikskóla og skoðaðar skemmdir sem urðu þar vegna heitavatsleka.

Verkfundargerð dags. 7. ágúst kynnt fyrir hreppsnefnd. Fundargerð fræðslunefndar dags. 12. ágúst 2008 tekin til umræðu. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða ráðningu

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
55. fundur.

Ólafar Kristínar Einarsdóttur í stöðu leiðbeinanda við leikskóla á Húnavöllum til eins árs.

4. Fjárhagsáætlanir fjallskilanefnda.

Fyrir fundinum liggja fjárhagsáætlanir fjallskilanefndar Grímstungu- og Haukagilsheiða og fjallskilanefndar Auðkúluheiðar vegna fjallskila 2008. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlanir. Hreppsnefnd samþykkti tillögu fjallskilanefnda Grímstungu- og Haukagilsheiða og Auðkúluheiðar um að unnið verði á hausti komanda eftir nýju fjallskilareglugerðinni sem býður staðfestingar ráðuneytis. Fundargerðir fjallskilanefndar Auðkúluheiðar dags. 11 og 12 ágúst voru lagaðar fram til kynningar.

5. Bréf.

a) Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Erindið var bókað í trúnaðarmálabók.

b) Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 29.07.

Efni: Reglur um ráðstöfun á 1.400 millj. kr. aukaframlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2008. Reglurnar lagðar fram til kynningar.

c) Umsókn um ristahlið. dags. 30. júlí 2008.

Efni: Eigendur að jörðinni Tindar óska eftir að Húnavatnshreppur greiði þeirra hlut í ristarhliði á heimreið að Tindum. Hreppsnefnd samþykkti erindið.

d) Erindi Tónlistarskóla Akureyrar, dags 31.07.

Efni: Óskað eftir greiðslu á kennslukostnaði fimm nemenda frá Húnavatnshreppi. Hreppsnefnd samþykkti að greiða hluta sveitarfélags í kennslukostnaði nemenda.

e) Tölvupóstur frá Ólafi Björnssyni hl. 06.08.

Efni: Varðar málaskiptingu og vettvangsferð fulltrúa sveitarfélaga og óbyggðanefndar vegna þjóðlendukrafna. Hreppsnefnd samþykkti að haft yrði samband við formann sjálfseignastofnunar Eyvindastaðarheiðar um efni erindisins.

f) Styrkbeiðni vegna einkaflugmannsnáms.

Efni: Erindi dags. 1. ágúst 2008, frá Önnu Schiöth vegna einkaflugnáms. Hreppsnefnd hafnar erindinu.

g) Erindi frá skotfélaginu Markviss

Efni: Styrkbeiðni vegna kaupa á kastvélum á skotsvæði félagsins. Hreppsnefnd samþykkti að styrkja verkefnið um kr. 30 þúsund.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
55. fundur.

h) Erindi varðandi námsvist utan sveitarfélags.

Afgreiðslu frestað.

h) Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags. 28. júlí 2008.

Efni: Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2008.

Úthlutað framlag til Húnavatnshrepps á árinu 2008 er kr. 11.814.627.

Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál

Lögð fram drög að matslýsingu vegna aðalskipulags 2008-2020.

Oddviti kynnti umræður sem fram fóru á fundi með forstjóra Landsvirkunar varðandi nýja flutningslínu raforku og nýtingu raforku í sveitarfélaginu.

Rætt var um ástand malarvega í sveitarfélaginu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.15

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Birgir Ingbórsson

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M Lárusdóttir

Jens P. Jensen